

Ísafjarðarbær

Naustahvilt, útivistarsvæði. Tillaga að deiliskipulagi

Greinargerð (úrdráttur):

Við Ísafjarðarbæ liggur vinsæl gönguleið frá Þjóðveginum, Djúpvegi (61), upp í Naustahvilt um Kirkjubólshlíð. Göngustígur upp í hvíltina er farinn að láta á sjá og er fólk farið að velja sér aðrar leiðir upp hlíðina með tilheyrandi raski á gróðri. Áhugi er á því hjá Ísafjarðarbæ að skipuleggja svæðið og byggja upp sem góðan áfangastað, auka öryggi og vernda náttúru svæðisins. Ísafjarðarbær hefur því óskað eftir því ráðgjafayrirtækið Alta vinni tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið ásamt tillögu að breyttu aðalskipulagi.

Samhliða gerð tillögu að deiliskipulagi verður unnin tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2028 en lítið sem ekkert er fjallað um Naustahvilt í greinargerð aðalskipulagsins. Til stendur að breyta þessu, bæta við umfjöllun um Naustahvilt í greinargerð aðalskipulagsins og gera breytingu þar sem svæðinu yrði breytt í útivistarsvæði. Áformuð breyting á aðalskipulagi

Meginmarkmið með gerð tillögu að deiliskipulagi er að bæta aðstæður fyrir gangandi vegfarendur, skilgreina útivistarsvæði og vinna að náttúruvernd, en með því að skilgreina gönguleiðir er hægt að vernda umhverfið fyrir átroðningi. Þeim fer fjölgandi sem fara um þetta fallega göngusvæði enda er það aðgengilegt, stutt frá þéttbýlinu á Ísafirði og útsýni úr hvíltinni er gott.

Meðfylgjandi þessum uppdrætti er greinargerð dags. 13. september 2017.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði _____ 2017 og í bæjarstjórn _____ 2017.


Tillagan var auglýst frá _____ 2017 með athugasemdafresti til _____ 2017.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda _____ 2017.

Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri



Tillaga að deiliskipulagi: Naustahvilt, útivistarsvæði í mkv. 1:2500



Skýringarmynd:
Hluti Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020

- Skýringar**
- Mörk skipulags
 - Bílastæði
 - Leiðbeinandi staðsetning áningarstaðar, upphaf gönguleiðar
 - Staðsetning minnisvarða
 - Endapunktur gönguleiðar, gestabók
 - Leiðbeinandi lega gönguleiðar
 - Miðlína vegar
 - Skráðar fornleifar

S:\VO\36\1224 Deiliskipulag Naustahvilt\Vinna\gögn\A136-1224-D02.dwg